

Akranesi, 4. maí 2017

Nefndarsvið Alþingis

Þingslályktunartillaga um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022 402 þingmál

Í þingslályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022, bls. 193, er stutt og greinargóð lýsing á fjárhagslegum rekstrargrundvelli embætta sýslumanna.

Í henni er lýst þeirri vinnu sem ráðuneyti og Sýslumannaráð, skv. 6. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði , hafa unnið frá stofnun hinna nýju embætta sýslumanna 1. janúar 2015 og horft til framtíðar embættanna.

Liður í þeirri framtíðarsýn var að gerð var ítarleg könnun á þjónustu sýslumanna sem ráðuneyti og sýslumenn stóðu að í sameiningu. Í ljósi hennar var skipulag sýslumannsembættanna greint sem og fjármál þeirra, rekstur og samlegðartækifæri og lagðar fram tillögur að umbótum til að laga reksturinn að fjárheimildum. Skýrsla um málið var kynnt fyrir Sýslumannaráði og fulltrúum Innanríkisráðuneytisins þann 28. apríl síðast liðinn.

Í stuttu máli er talið nær útilokað að aðlaga rekstur sýslumannsembættanna að fjárheimildum á mjög skömmum tíma án þess að til komi verulegur niðurskurður á þjónustu um allt land. Hins vegar er ljóst að rafræn stjórnarsýsla, aukin sérhæfing ásamt öðrum breytingu á embættunum getur hjálpað að ná þeim árangri á nokkrum árum.

Í skýrslunni eru lagðar fram tillaga um framtíðarsýn fyrir sýslumannsembættin til næstu fimm ára.

Til að ná þessum árangri þarf að leggja út í **einskiptiskostnað** sem einkum liggur í þróun á rafrænni stjórnarsýslu og endurskipulagningu sýslumannsembættanna.

Til viðbótar má þess geta að gerðir hafa verið árangursstjórnarsamningar við embætti sýslumanna. Hins vegar getur mæling á árangri verið mjög erfið enda eru starfskerfi/upplýsingakerfi sýslumanna alls ekki nógu aðgengileg, einföld og auðveld í notkun. Þau ættu að vera þannig að stjórnvöld geti með því sem næst einum músarsmelli fengið upplýsingar um fjölda mála og borið saman milli embætta og aftur í tímann.

Þetta bendir sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu á í áliti sínu við þingslályktunartillöguna um fjármálaáætlunina 2018 til 2022. Hann segir þar:

Sýslumenn greiða þjóðskrá milljónatugi á ári hverju fyrir þessa þjónustu [það er forritun og rekstur starfs- og upplýsingakerfa sýslumanna]. Starfskerfin standa ekki undir þeim væntingum sem gera verður til slíkra kerfa og miðar því miður of hægt. Þau ættu að vera

lykillinn að því að gera sýslumönnum kleift að auka ánægju viðskiptavina með þjónustu embættanna og gæði hennar.

Það er því áhyggjuefni að hvorki hjá sýslumönnum í málefnasviði 10 né hjá Þjóðskrá í málefnasviði 6 (Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál) eru sett fram markmið um verulega innspýtingu til að uppfæra starfskerfin.

Á hvoru málefnasviðinu ætti að leita fjárheimilda fyrir stofnkostnði við gerð starfskerfa sýslumanna?

Undir þessi orð tekur Sýslumannaráð og telur þetta til grundvallaratriða í starfsemi embættanna meðal annars til að árangursstjórnarsamningar eigi möguleika á að ná því markmiði sem stefnt er að og að auka gæði þjónustunnar

Í stuttu máli hafa sýslumenn lagt í mikla vinnu við að endurskoða starfsemi sína. Um leið hvetja þeir fjárveitingarvaldið til að leggja fé í einskíptiskostnað til að embættin geti einfaldað og bætt rekstur sinn og upplýsingar um verkefni þeirra séu þeim og stjórnvöldum tiltæk hvenær sem óskað er.

Virðingarfyllst,

Ólafur K. Ólafsson

sýslumaðurinn á Vesturland, formaður Sýslumannaráðs

Bjarni Stefánsson,

sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, formaður Sýslumannafélags Íslands

Lára Huld Guðjónsdóttir

sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum